

FELLASKÓLI YTRA MAT Á SKÓLASTARFI



Maí 2015

Ritun skýrslu:

Birna Sigurjónsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Sigríður Sigurðardóttir, ritstjóri

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Hildur Björk Svavarsdóttir

Sara Björg Ólafsdóttir

EFNISYFIRLIT

Samantekt - Greining á skólastarfi í Fellaskóla.....	4
Styrkleikar	4
Tækifæri til umbóta	4
Niðurstöður yfirlit	6
Inngangur	7
Fellaskóli	7
Árangur nemenda - yfirlit	8
Stjórnun.....	10
Fagleg forysta.....	10
Stefnumótun og skipulag	11
Nám og kennsla.....	12
Nám og námsaðstæður	12
Þátttaka og ábyrgð nemenda	13
Vettvangsheimsóknir í Fellaskóla.....	14
Frístundastarf	17
Skóli án aðgreiningar	19
Skólabragur	21
Mannauður	22
Innra mat.....	23
Fylgiskjal 1	24

STYRKLEIKAR

Fellaskóli er fjölmeningarlegur skóli þar sem unnið er að skólaþróun með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Í stefnu skólans er lögð rík áhersla á að allir séu á heimavelli og að nemandinn sé í öndvegi.

Stjórnendur eru faglegir leiðtogar að mati starfsmanna. Skólinn hefur sett sér framtíðarsýn, gildi og stefnu sem birt er á heimasíðu og aðilar skólasamfélagsins þekkja. Starfsáætlun er vel unnin, skóladagur nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá og vel er haldið utan um starfið af stjórnendum.

Áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir allra nemenda og markvisst hefur verið unnið að því að bæta nám og kennslu og árangur nemenda. Stöðugar framfarir hafa mælst í stærðfræðiskimun hjá nemendum í 3. bekk undanfarin ár og hlutfall nemenda í 2. bekk sem les sér til gagns hefur ekki mælst hærra lengi. Á vettvangi voru 56% af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru metnar góðar og 24% frábærar, sem sýnir fagmennsku kennara.

Verkefnið 1, 2 og *Fellaskóli*, þar sem frístundastarf nemenda í 1.-2. bekk er samþætt skólastarfi og öll börnin eru í skipulögðu skóla- og frístundastarfi til kl. 15:40, veitir börnum og foreldrum þeirra heildstæða þjónustu og lengir tíma barna sem ella væru e.t.v. ekki skráð á frístundaheimili í íslensku málumhverfi. Daglegir fundir frístundastarfsfólks í lok hefðbundins skóladags eru til fyrirmyndar. Þar er rætt er um velferð og líðan barnanna og farið yfir dagsskipulag frístundastarfsins og verkaskiptingu. Í frístundastarfinu er mikið lagt upp úr frjálsum leik og hlutverkaleikur er markvisst nýttur sem þjálfun í daglegum athöfnum, íslensku og samskiptum.

Góður starfsandi er í skólanum og starfsmenn í rýnihópum sögðu að jákvæðni og gagnkvæmt traust einkenndi bæði samskipti og samstarf. Nemendur í rýnihópum voru ánægðir með skólann og þátttakendur í nemendakönnun voru sammála því að kennarar og starfsmenn væru sanngjarnir og sýndu sér virðingu. Þátttakendur í rýnihópi nemenda á unglingsstigi sögðu að það besta við skólann væri samfélagið, í Fellaskóla væri allt í lagi að vera öðruvísi.

Í skólanum hefur verið unnið að mörgum þróunarverkefnum á undanförunum árum og nokkur verkefni eru hér metin til fyrirmyndar. Þar má nefna verkefni 10. bekkinga sem settu upp búð fyrir nemendur í frístundaheimilinu og einnig samstarf við leikskóla hverfisins með verkefninu *Okkar mál*. Ársskýrsla um sérkennslu er til fyrirmyndar.

Innra mat skólans er kerfisbundið og fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við matið. Niðurstöður eru greindar í styrkleika og tækifæri til umbóta og áfram er unnið með þá þætti í umbótaáætlun.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Huga þarf að líðan nemenda, sérstaklega á miðstigi. Áfram þarf markvisst að vinna að því að byggja upp trú nemenda á eigin getu og hvetja alla nemendur til að gera sitt besta og sýna metnað í námi. Mikilvægt er að kennarar hafi væntingar til nemenda og geri til þeirra sanngjarnar kröfur. Gera þarf nemendur ábyrgari fyrir eigin námi og leita markvisst eftir sjónarmiðum þeirra varðandi nám og kennslu og gera markmið náms og viðmið um árangur sýnilegri.

Áfram þarf að vinna að því að bæta nám og kennslu á öllum stigum, með aukinni áherslu á fjölbreytta kennsluhætti í gegnum samþætt og heildstæð verkefni, raunhæf verkefni tengd daglegu lífi, markvissa samvinnu og umræður og ígrundun nemenda. Þjálfar þarf nemendur enn frekar í fjölbreyttum námsaðferðum

og leiðum og koma þannig til móts við óskir þeirra um fjölbreyttari vinnubrögð. Leita þarf leiða til að hafa fjölbreyttar og sveigjanlegar hópaskiptingar á öllum stigum. Áfram þarf að leggja áherslu á að bæta árangur og framfarir nemenda.

Ljúka þarf endurskoðun á skólanámskrá og birta námsvísa á heimasíðu. Bæta þarf upplýsingaflæði og auka fræðslu og þjálfun fyrir nýja starfsmenn. Skoða þarf, í samráði við starfsmenn, fyrirkomulag og tíðni formlegrar samvinnu.

Bæta þarf upplýsingar um frístundastarfið á heimasíðu Fellaskóla og upplýsingabækling til foreldra. Nærumhverfið mætti nýta betur í frístundastarfinu til útilífs eða útináms. Efla þarf barnalýðræði, leita markvisst eftir skoðunum og hugmyndum barna um starfið og hvetja þau til að koma með hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd. Huga þarf að leiðum til að gefa sjálfsprottnum leik meiri samfelldan tíma og rými og lágmarka þá trufun sem verður þegar stór hluti barnanna fer heim kl. 15:40. Uppfæra þarf upplýsingar um frístundastarfið á öðrum tungumálum en íslensku á heimasíðu skólans og tryggja að foreldrar og börn með annað móðurmál en íslensku fái góða kynningu á frístundastarfi þegar þau hefja nám við skólann.

Tryggja þarf fullt aðgengi fyrir hreyfihamlaða nemendur. Bæta þarf vinnuáætlun kennara og endurnýja ýmis húsgögn og búnað. Skólamatinn þarf að laga og huga að vellíðan nemenda á göngum og í matsalnum. Bæta þarf þrif á skólanum.

Markvisst þarf að leita eftir tillögum og hugmyndum foreldra um skólastarfið og skoða hvernig hægt er að koma betur til móts við ábendingar þeirra. Kjósa ætti fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti og huga að því að þeir eigi sér bakland hjá umbjóðendum sínum.

Leggja ætti áherslu á að innra mat verði samofið daglegu skólastarfi og birta þarf matsskýrslur og umbótaáætlanir opinberlega.

NIÐURSTÖÐUR YFIRLIT

Myndirnar sýna meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun			Nám og kennsla	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð og foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð
Stjórnun stofnunnar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund	

Frístundastarf		Skóli án aðgreiningar	Skólabragur	Mannauður	Innra mat
Skipulag starfs og starfsaðstæður	Virk þátttaka og lýðræði	Menning og viðhorf	Stefna og viðmót og menning	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Skipulag og framkvæmd
Uppeldi og menntun	Mannréttindi og margbreytileiki	Námskrár og áætlanir	Velferð og líðan barna	Viðhorf til stjórnunar	Gagnaöflun og vinnubrögð
Starfshættir og viðfangsefni	Foreldrasamstarf	Starfshættir		Samstarf og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur

INNGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats í Fellaskóla sem fram fór í mars 2015. Matið var framkvæmt af teymi starfsfólks á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar ásamt kennsluráðgjafa sem starfar á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfræði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofum grunnskóla og frístundastarfs og mannauðsþjónustu.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Fellaskóli yrði einn af þeim skólum sem metinn yrði í ytra mati á skólastarfi skólaárið 2014-2015. Gagna var aflað með könnunum, viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra. Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 6. bekk, þar sem svarhlutfallið var 67%, og fyrir nemendur í 9. bekk, þar sem svarhlutfallið var 65%. Svarhlutfallið í starfsmannakönnun var 59% og í foreldrakönnun var svörun 61%, en í þeirri könnun var úthringingum beitt til að auka svörun. Í foreldrakönnun frístundaheimilis var svarhlutfallið 50%, það er helmingur af foreldrum barna sem skráð eru á frístundaheimili eftir kl. 15:40 svöruðu könnuninni.

Leiðarljós við matið er:

- **Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess eru að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Aðstoða skóla við að efla skóla- og frístundastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skóla- og frístundayfirvöldum upplýsingar um gæði skóla- og frístundastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í skóla- og frístundamálum

Matið er liður í því að styðja við skóla- og frístundastarf og kemur til viðbótar innra mati skólanna. Við matið voru notuð viðmið um mat á gæðum grunnskóla og viðmið um gæði frístundastarfs. Viðmiðin fyrir frístundastarfið voru mótuð á skóla- og frístundasviði. Þau eru enn í vinnslu og áætlað er að gefa þau út seinna á árinu 2015 en drögin má finna hér:

http://innri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Vi_mi__og_v_sbendingar_-_lokaskjal_2014.pdf

Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á grunnskólastarfið voru útbúin fyrir ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau má finna hér:

<http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>.

Í köflum um stjórnun, mannauð, skólabrag og innra mat voru viðmið grunnskóla og frístundastarfs sameinuð þannig að í skýrslunni er fjallað sameiginlega um þessa þætti starfsins. Kaflar um faglegt starf eru aðskildir fyrir grunnskóla og frístundaheimili. Þar sem skóli án aðgreiningar er sérstaklega metinn fyrir grunnskólann var köflum um námsaðgreiningu í viðmiðum um nám og kennslu sleppt. Skólabragur er metinn að hluta til.

FELLASKÓLI

Fellaskóli var stofnaður árið 1972. Skólastjóri Fellaskóla er Kristín Jóhannesdóttir og aðstoðarskólastjóri er Ólöf Ingimundardóttir. Verkefnisstjóri verkefnisins *1, 2 og Fellaskóli* er Ester Helga Líneyjardóttir. Í viðmiðum um gæði í frístundastarfi er yfirmaður frístundaheimilis titlaður forstöðumaður frístundaheimilis og svo verður einnig gert hér til að gæta samræmis.

Veturinn 2014-15 eru 329 nemendur í Fellaskóla í 18 bekkjardeildum í 1.- 10. bekk. Við skólann er starfrækt

sérdeild fyrir einhverfa nemendur og í henni eru 8 nemendur sem taka eins mikinn þátt í námi með sínum bekkjarfélögum og kostur er. Námsver eru starfrækt á hverju stigi fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Í skólanum er sannkallað fjölmenningsamfélag þar sem um 70% nemenda skólans hafa annað mál en íslensku að móðurmáli.

Í verkefninu 1, 2 og *Fellaskóli* felst að öll börn (92) í 1. og 2. bekk taka þátt í frístundastarfi eftir að kennslu lýkur á daginn þar til klukkan 15:40, foreldrum að kostnaðarlausu. Um tilraunaverkefni er ræða, sem hófst haustið 2012, þar sem sérstök áhersla er lögð á málörvun, félagsfærni, jákvætt námsumhverfi og góð samskipti. Eftir klukkan 15:40 eru um 30 börn í 1.-2. bekk skráð í frístundastarf í frístundaheimilinu Vinafelli.

Í Fellaskóla starfar 71 starfsmaður skólaárið 2014-2015 í 64 stöðugildum, þar af 35 grunnskólakennarar í alls 31,7 stöðugildum.

ÁRANGUR NEMENDA - YFIRLIT

Meðaltalsárangur í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk í Fellaskóla er töluvert undir meðaltali Reykjavíkur í öllum greinum. Er það svipuð niðurstaða og undanfarin ár. Framfarastuðull í stærðfræði í 7. bekk árið 2013 sýnir góðar framfarir en því er öfugt farið í íslensku. Framfarastuðull í 10. bekk árið 2013 í stærðfræði sýnir framfarir en í íslensku sýnir stuðullinn framfarir í lægra kanti. Framfarastuðlar fyrir samræmd próf 2014 liggja ekki fyrir.

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
4. bekkur										
Íslenska	26,3	23,1	29,4	22,8	26,2	22,8	19,0	20,0	25,9	21,9
<i>Reykjavík</i>	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5	30,8	30,5
Stærðfræði	25,8	21,3	29,1	24,9	22,1	23,0	22,8	19,6	30,0	23,8
<i>Reykjavík</i>	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	29,9	30,6	30,3
7. bekkur										
Íslenska	24,2	23,6	24,1	19,4	24,3	21,0	23,3	22,9	18,0	25,0
Framfarastuðull íslenska	0,99	1,00	1,01	0,94	1,03	0,98	1,05	1,01	0,94	
<i>Reykjavík</i>	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6	30,8	31,1
Stærðfræði	27,5	24,2	24,2	24,2	26,8	25,4	29,3	29,3	27,8	26,9
Framfarastuðull stærðfræði	1,00	1,01	1,00	0,98	1,08	1,01	1,01	1,06	1,06	
<i>Reykjavík</i>	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5	30,6	31,4
10. bekkur										
Íslenska	21,2	18,0	22,2	18,5	19,3	24,7	22,1	18,7	22,6	19,0
Framfarastuðull íslenska	0,95	0,91	0,95	0,95	0,94	1,01	1,06	0,97	0,98	
<i>Reykjavík</i>	31,8	30,4	30,7	31,3	31,0	30,6	30,8	31,1	30,4	30,8
Stærðfræði	20,5	23,1	24,0	22,0	20,2	24,2	19,7	19,0	28,0	25,7
Framfarastuðull stærðfræði	0,97	0,92	0,91	0,97	0,96	1,02	0,95	0,88	1,02	
<i>Reykjavík</i>	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9	31,1	30,4	30,9
Enska				24,3	24,2	27,5	22,6	23,4	22,4	25,6
<i>Reykjavík</i>				32,1	31,7	31,0	31,3	31,1	31,2	31,5

Í lesskimun í 2. bekk árið 2014 er hlutfall þeirra sem les sér til gagns rétt undir meðaltali borgarinnar og hefur ekki mælst hærra lengi. Hlutfall nemenda í 3. bekk sem aðeins taka 1. þrep í stærðfræðiskimun í Talnalykli er undir meðaltali borgarinnar en hlutfallið hefur farið hækkandi síðan 2011.

Lesskimun og talnalykill

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Lesskimun 2. bekkur										
Hlutfall sem les sér til gagns	30%	47%	23%	33%	36%	27%	44%	40%	22%	65%
<i>Reykjavík</i>	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	63%	66%
Talnalykill 3. bekkur										
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		56%	40%	41%	38%	26%	26%	45%	58%	67%
<i>Reykjavík</i>		69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%	75%	73%

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, þar sem byrjað er á stjórnun, því næst fjallað um nám og kennslu, frístundastarfið, skóla án aðgreiningar, skólabrag, mannauð og að lokum innra mat.

STJÓRNUN

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: Faglega forystu, stefnumótun og skipulag og samstarf heimila og skóla. Viðmið um gæði starfsins eru tekin frá grunnskóla¹ og frístundastarfi. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Fellaskóla.

FAGLEG FORYSTA

Samantekt úr köflunum: *Stjórnandinn sem leiðtogi, stjórnun stofnunar, faglegt samstarf og skólaþróun.*

STYRKLEIKAR

Stjórnendur í Fellaskóla eru faglegir leiðtogar að mati starfsmanna sem þátt tóku í starfsmannakönnun. Skólinn hefur sett sér framtíðarsýn, gildi og stefnu sem birt er á heimasíðu og endurspeglar áherslur sveitarfélags. Fram kom í könnunum og rýnihópum að starfsmenn, nemendur og foreldrar þekkja stefnuna og hún er sýnileg í starfinu.

Í rýnihópi frístundaleiðbeinanda kom fram mikil ánægja með forstöðumann frístundaheimilis sem hvetur þá markvisst til að nýta hæfileika sína og styrkleika í starfinu. Lýðræðisleg vinnubrögð eru ríkjandi í samskiptum forstöðumanns frístundaheimilis og frístundaleiðbeinanda.

Í könnunum og rýnihópum kom fram að samstarf innan skólans einkennist af jákvæðni og gagnkvæmu trausti og að gagnkvæm virðing ríkir í samskiptum starfsfólks og nemenda. Mikill meirihluti nemenda sem svöruðu nemendakönnun eru á sama máli. Markvisst er unnið að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila skólasamfélagsins, til dæmis með námskeiðum fyrir starfsmenn og foreldra og aukinni áherslu á nemendalýðræði. Samstarf við leikskóla hverfisins, meðal annars í gegnum þróunarverkefnið *Okkar mál*, er til fyrirmyndar.

Í Fellaskóla er unnið að þróun starfsins með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Stjórnendur hafa forgöngu um innra mat þar sem umbótaáætlun er unnin árlega. Símenntunaráætlun er í samræmi við stefnu skólans og umbótaáætlun og miðar að því að efla starfsmenn í starfi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Skoða þarf skipulag funda í samráði við starfsmenn. Fram kom í rýnihópum kennara að halda mætti kennarafundi oftar og boða þá með dagskrá og góðum fyrirvara. Einnig að auka þyrfti samstarf á milli kennara og frístundaleiðbeinanda og leita leiða til að þeir síðarnefndu geti setið fundi og skipulagsdaga með öðru starfsfólki skólans. Þátttakendur í rýnihópum kennara töldu of lítið samstarf á milli stiga og að fjölga þyrfti fundum stjórnenda og stigstjóra. Einnig þarf að leita leiða til að bæta upplýsingaflæði í samráði við starfsmenn.

Gera þarf aðgerðaráætlun fyrir frístundaheimilið með áherslum fyrir starfsárið út frá stefnu skólans og starfsskrá frístundamiðstöðva með aðkomu barna, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila. Endurskoða ætti upplýsingabækling til foreldra um frístundaheimilið þannig að þar komi fram upplýsingar um markmið og starfshætti þess. Auka þarf samstarf frístundaheimilis við grenndarsamfélagið og frístundamiðstöð hverfisins.

¹ Sjá viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefing_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG

Samantekt úr köflunum: *Starfsáætlun og skólanámsskrá, skóladagur nemenda, verklagsreglur og áætlanir, skólaráð og foreldrafélag og þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun.*

STYRKLEIKAR

Starfsáætlun Fellaskóla er vel unnin og endurspeglar kröfur aðalnámskrár og áherslur sveitarfélags. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma skóla, skóladagur nemenda er samfelldur og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Í þróunarverkefninu *1, 2 og Fellaskóli* hefur skóladagur nemenda í 1. og 2. bekk verið lengdur og allir nemendur taka þátt í frístundastarfi.

Skólaráð fundar reglulega og fulltrúar nemenda eru þar fullgildir þátttakendur. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og túlkþjónusta er í boði fyrir þá foreldra sem þess þurfa. Þjóða á foreldrum barna í 1.-4. bekk upp á námskeið þar sem m.a. er fjallað um hvað það er að vera gott skólaforeldri og hvar má finna upplýsingar og aðstoð, t.d. varðandi heimanám.

Vel er haldið utan um upplýsingar um daglega starfsemi frístundaheimilisins. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun skólans er vel unnin og forvarnaráætlun er vönduð. Gerð hefur verið ítarleg áætlun um foreldrasamstarf þar sem verkefni umsjónarkennara og foreldra eru skilgreind. Starfsfólk þekkir verklagsreglur varðandi barnaverndarmál og er meðvitað um þær.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Æskilegt er að skoða hvort skipuleggja mætti nám nemenda meira í samfelldum vinnulotum sem bjóða upp á sveigjanleika og samvinnu. Gæta þarf að því að nemendur missi ekki námstíma þegar farið er í og úr sundi.

Markvisst þarf að leita eftir tillögum og hugmyndum foreldra um skólastarfið og skoða hvernig hægt er að koma betur til móts við ábendingar þeirra. Virkja þarf foreldra markvisst til samstarfs og hvetja til þátttöku í foreldrasamstarfi, foreldrafélagi og skólaráði.

Kjósa ætti fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti og huga að því að þeir eigi sér bakland hjá umbjóðendum sínum og miðli til þeirra upplýsingum um umræður og ákvarðanir ráðsins. Gera þarf starfsáætlun og vinnureglur fyrir skólaráð, boða fundi með dagskrá og birta fundargerðir á heimasíðu skólans.

Huga þarf að endurskoðun skólareglna með þátttöku allra hagsmunaaðila.

NÁM OG KENNSLA

Viðmiðum um nám og kennslu er skipt í þrjá meginkafla: *Nám og námsaðstæður, þátttaka og ábyrgð nemenda og námsaðlögun*. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Fellaskóla fyrir fyrstu tvo kaflana en námsaðlögun var sleppt þar sem viðmið um skóla án aðgreiningar verða tekin sérstaklega hér á eftir. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.²

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

Samantekt úr köflunum: *Inntak og árangur, skipulag náms og námsumhverfi, kennsluhættir og gæði kennslu og námshættir og námsvitund*.

STYRKLEIKAR

Í stefnu Fellaskóla er rík áhersla lögð á að koma til móts við þarfir allra nemenda. Fram kom í viðtölum, rýnihópum og vettvangsathugunum að í skólanum er unnið að því að bæta kennsluhætti og gæði kennslu með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Í vettvangsathugunum voru 56 % þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru metnar góðar og 24% voru metnar frábærar sem sýnir fagmennsku kennara. Í skólanum starfa reyndir kennarar með góða fagþekkingu. Sett hafa verið viðmið um skipulag í kennslustofum og gæði kennslustunda sem unnið er að. Kennsluhættir á yngsta stigi eru fjölbreyttir þar sem áhersla er lögð á samþættingu verkefna.

Mikill meirihluti kennara sem svöruðu starfsmannakönnun er sammála því að reglulega fari fram umræður um hvernig bæta megi árangur nemenda og að fylgst sé markvisst með árangrinum með það að markmiði að bæta hann. Stöðugar framfarir hafa mælst í stærðfræðiskimunum hjá nemendum í 3. bekk undanfarin ár og hlutfall nemenda í 2. bekk sem les sér til gagns, samkvæmt könnun í læsi, hækkaði umtalsvert á milli árána 2013 og 2014 og hefur ekki mælst hærra lengi. Framfarastuðlar samræmdra prófa árið 2014 hafa ekki verið birtir en framfarastuðlar ársins 2013 í stærðfræði sýna framfarir.

Skólanámskrá er birt á heimasíðu en unnið er að endurskoðun hennar til samræmis við aðalnámskrá. Þær greinanámskrár sem búið er að endurskoða eru greinargóðar. Góð lýsing er á fyrirkomulagi námsmats í skólanámskrá og búið er að birta matsviðmið við lok 4. og 7. bekkjar.

Sérstök nemendasamtöl eru tvisvar á ári þar sem kennarar ræða skipulega við nemendur um nám og líðan. Mikill meirihluti foreldra barna á yngsta stigi sem þátt tóku í foreldrakönnun er sammála þeirri fullyrðingu að heimanám barnsins hafi skýr markmið og sé vel skipulagt.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Áfram þarf að leggja áherslu á að bæta árangur og framfarir nemenda. Ennfremur að bæta nám og kennslu út frá þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

Auka þarf áherslu á fjölbreytta kennsluhætti í gegnum samþætt og heildstæð verkefni, raunhæf verkefni tengd daglegu lífi, markvissa samvinnu og umræður og ígrundun nemenda.

² <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Þjálfar þarf nemendur enn frekar í fjölbreyttum námsaðferðum og leiðum og koma þannig til móts við óskir þeirra um meiri hópavinnu þvert á árganga, fjölbreyttari verkefni og fleiri vettvangsferðir. Leita þarf leiða til að hafa fjölbreyttar og sveigjanlegar hópaskiptingar á öllum stigum.

Áfram þarf að vinna á þeirri braut að byggja upp trú nemenda á eigin getu. Hvetja þarf alla nemendur með markvissum hætti til að gera sitt besta og sýna metnað í námi. Mikilvægt er að nemendur finni að allir starfsmenn hafi trú á getu þeirra og að gerðar séu til þeirra sanngjarnar kröfur. Auka mætti frétttaflutning af árangri og afrekum nemenda á hinum ýmsu sviðum til að hvetja þá áfram.

Ljúka þarf endurskoðun á skólanámskrá, þar með talið á námsvísun/námskrám greina og taka út eldri greinanámskrár af heimasíðu, þar sem þær eru gerðar út frá eldri aðalnámskrá og eru því ekki í samræmi við nýja skólanámskrá. Lýsa þarf gildandi matsviðmiðum og matskvörðum námsmats í skólanámskrá. Æskilegt er að auka aðkomu helstu hagsmunaaðila að gerð skólanámskrár.

ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

Samantekt úr köflunum: *Lýðræðisleg vinnubrögð og ábyrgð og þátttaka.*

STYRKLEIKAR

Í rýnihópum nemenda og starfsmanna kom fram að góður andi ríkir í skólanum. Fulltrúar í nemendaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu í bekkjum. Nemendaráð hefur góða aðstöðu í skólanum og fundar reglulega. Fulltrúar nemenda eru fullgildir fulltrúar í skólaráði og sitja alla fundi ráðsins.

Bekkjafundir eru haldnir þar sem nemendum gefst kostur á að ræða málefni sem snerta þá. Nemendur í rýnihópum voru einstaklega viðræðugóðir og tjáðu skoðanir sínar á námi og kennslu umbúðalaust. Nemendum sem tóku þátt í nemendakönnun finnst kennarar hlusta á þá og veita því athygli sem þeir segja. Þeir voru sammála þeirri fullyrðingu að þeir fengju hvatningu til að taka ábyrgð á námi sínu í kennslustundum.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Leita þarf markvissst eftir sjónarmiðum nemenda varðandi nám og kennslu og taka tillit til ábendinga þeirra eins og kostur er. Æskilegt er að skrá verklag við að afla sjónarmiða nemenda.

Kjósa ætti fulltrúa nemenda í skólaráð með lýðræðislegum hætti, veita þeim fræðslu varðandi hlutverk þeirra í ráðinu, kynna þá betur fyrir öðrum nemendum og tryggja að þeir eigi bakland í nemendahópnum.

Miðla þarf upplýsingum um ákvarðanir og umræður í ráðum og nefndum, sem nemendur eiga fulltrúa í, til alls nemendahópsins og birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans.

Gera þarf markmið náms og viðmið um árangur sýnilegri fyrir nemendum. Leita ætti leiða til að gera nemendur ábyrgari á eigin námi, til dæmis með aukinni áherslu á setningu námsmarkmiða í samráði við kennara og foreldra. Markvissst þarf að kenna nemendum að meta eigin vinnu og árangur og auka vitund þeirra um sig sem námsmenn. Nýta þarf áhugasvið nemenda og styrkleika þeirra eins og kostur er.

VETTvangsHEIMSÓKNIR Í FELLASKÓLA


Í skólaheimsókn í Fellaskóla voru 25 kennslustundir heimsóttar og 24 af þeim voru metnar út frá viðmiðum um gæði stundarinnar. Stundin er metin góð þegar flestir nemendur ná tókum á viðfangsefni stundarinnar og flestir fá verkefni við hæfi, hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Flestar stundirnar í Fellaskóla voru metnar góðar eða fjórtán talsins, sex voru metnar frábærar en fjórar þarf að bæta.

Mat á kennslustund		
	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	6	24%
Góð	14	56%
Þarf að bæta	4	16%
Ekki gefin einkunn	1	4%
Samtals	25	100%


Einnig var skoðað hvaða kennsluaðferð/ir og vinnubrögð voru notuð í stundinni. Oftast var merkt við fleiri en eitt atriði þannig að í þessum 25 stundum voru 46 merkingar. Oftast voru nemendur að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, merkt var við það í 17 stundum eða 68% tilvika. Þá var merkt við innlögn eða beina kennslu í 60% stundanna, sjá töflu hér að neðan.

Kennsluaðferð		
	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	17	68%
Innlögn	15	60%
Markviss samvinna	6	24%
Verklegt	3	12%
Þemavinna	3	12%
Sköpun og tjáning	1	4%
Sjálfstæð vinna / eigið val	1	4%
Samtals	46	184%

Skoðað var hvort nemendur væru að vinna hver að sínu verkefni eða saman í pörum eða hópum að sameiginlegri lausn eða skilum. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan var einstaklingsvinna í 72% stundanna.




Notkun á upplýsingatækni í námi og/eða kennslu var sérstaklega skoðuð og ef svo var þá hvort kennari/ar eða nemendur nýttu sér tæknina. Upplýsingatækni var notuð í 44% stundanna, en mest af kennurum. Sjá nánar hér að neðan.



Lagt var mat á sjálfstæði nemenda í vali á verkefnum, þ.e. hvort kennari ákveður verkefni eða nemendur hafa val um verkefni eða útfærslu. Í miklum meirihluta kennslustunda ákvað kennari verkefni eins og sjá má í töflunni hér að neðan.

Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður	18	72%
Nemendur ákveða	4	16%
Bæði kennari og nemendur ákveða	3	12%
Samtals	25	100%

Þá var skoðað hvort markmið stundarinnar hefði verið sýnilegt eða kynnt fyrir nemendum og það var gert í 44% stundanna eins og sjá má á myndinni.



FRÍSTUNDASTARF

Viðmiðum um frístundastarf er skipt í fimm undirkafla: *Skipulag starfs og starfsaðstæður, uppeldi og menntun, starfshættir og viðfangsefni, virk þátttaka og lýðræði og mannréttindi og margbreytileiki*. Einnig er kafli um foreldrasamstarf í frístundastarfinu sem unninn er úr staðarbragskafla í frístundaviðmiðunum. Hér fer á eftir samantekt úr niðurstöðum frístundastarfs.

STYRKLEIKAR

Daglegir fundir frístundaleiðbeinenda með forstöðumanni eru til fyrirmyndar. Þar er hagur og velferð barna höfð að leiðarljósi og starfsfólk fær góðan stuðning. Á fundunum er farið yfir verkefni dagsins og hver gerir hvað. Börnin hafa gott aðgengi að húsnæði skólans á starfstíma frístundaheimilisins. Rýmið í Vínafelli hefur verið útbúið skemmtilega fyrir frjálsan leik og hlutverkaleik.

Mikil áhersla er lögð á félagsfærni, mál og læsi í frístundastarfinu. Frístund inni í skóladeginum er markvisst nýtt í frjálsan leik, hreyfingu og útivist, auk þess sem íþróttasalur er vel nýttur og alla daga er útivist í boði þegar veður leyfir. Starfsfólk leggur sig fram um að spjalla við börnin þegar tækifæri gefast. Börnin eru markvisst hvött til að passa upp á eigin sínar og ganga frá eftir sig með umbunarkerfi og eftirfylgni starfsfólks. Til fyrirmyndar er hvernig hlutverkaleikur er nýttur markvisst sem þjálfun í daglegum athöfnum, íslensku og samskiptum.

Fjölbreytt val er í boði og starfið höfðar til mismunandi áhugasviða. Sjálfsprottum leik er gefið mjög gott rými, hvort heldur sem er í frístundatímum sem koma inn í hefðbundinn skólatíma eða eftir kl. 14:30. Klúbbar eru skipulagðir 4 vikur í senn og lengur ef áhugi er fyrir hendi og metið eftir 4 vikur hvað gekk vel og hvað gekk illa.

Tekið er tillit til þess sem börnin vilja gera á frístundaheimilinu. Öll börn hafa tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og sérstaklega stutt við þau sem hafa veika rödd. Hugmyndir barna hafa haft áhrif á þróun leiksvæðis í „íbúðinni“ og nemendur í 10. bekk eru að vinna að því að koma „búðinni“ á koppinn. Börnin bera einhverja ábyrgð í ávaxtastund og eru látin bera ábyrgð á frágangi.

Mjög vel er unnið með fjölmenningu og margbreytileikann. Áhersla er lögð á að allir hafi jöfn tækifæri. Samstarf við leikskólana Ösp og Holt er til fyrirmyndar og miðar að því að börnin finni sig á heimavelli, þau þekki starfsfólk og það þekki börnin þegar þau koma á frístundaheimilið.

Foreldrar eru frekar jákvæðir í ummælum sínum um frístundastarfið í foreldrakönnun og hafa greiðan aðgang að forstöðumanni frístundaheimilisins.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Kanna mætti möguleika á betri nýtingu á húsnæði fyrir frístundastarfið, t.d. að hafa sérstaka aðstöðu fyrir hreyfileiki og fjör, auka aðgang að sérgreinastofum og koma upp notalegri aðstöðu fyrir lestrarhópa. Hvatt er til þess að börnin séu meira spurð út í hvað mætti bæta varðandi efnivið og búnað. Skoða ætti hvort hægt sé að nýta betur gömlu eldhúsinnréttunguna í Vínafelli og bæta búnað í lesherbergi. Kynna þarf dagsskipulag/dagskrá vel fyrir foreldrum og endurskoða upplýsingabækling til þeirra.

Lítið er fjallað um frístundastarfið í starfsáætlun Fellaskóla. Í Handbók stuðningsfulltrúa og frístundaleiðbeinenda kemur fram áhersla á sjálfsmynd, umhyggju og félagsfærni, en skortir á áherslu á virkni og þátttöku barnanna. Æskilegt væri að jafna þjónustustigið á við önnur frístundaheimili í borginni og bjóða upp á síðdegishressingu gegn gjaldi fyrir þá foreldra sem þess óska. Halda mætti viðburði fyrir foreldra og aðra til að

börnin þjálfist í að koma fram og tjá sig. Nærumhverfið er lítið nýtt og valttöflu mætti nýta á markvissari máta sem tæki til að efla sjálfsábyrgð barnanna.

Huga þarf að leiðum til að gefa sjálfsprottnum leik meiri samfelldan tíma og rými og láta ekki þá staðreynd að meirihluti barnanna þarf að fara heim kl. 15:40 trufla börnin sem eru áfram á frístundaheimilinu. Gefa mætti börnunum meira svigrúm til að dýpka leikinn og leggja minni áherslu á daglegan frágang. Skoða ætti möguleika á því að halda reglulega viðburði, s.s. sýningar á verkum barnanna og/eða gera starfsemi frístundaheimilisins sýnilegri í viðburðum skólans.

Efla þarf barnalýðræði og aðkomu barna að skipulagningu starfsins. Leita ætti markvisst eftir skoðunum og hugmyndum barnanna um starfið, hvetja þau til að koma með hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd. Kynna þarf börnunum réttindi sín og skyldur út frá Barnasáttmálanum.

Auka þarf upplýsingar um frístundaheimilið á heimasíðu Fellaskóla og hafa þar réttar og gagnlegar upplýsingar á öðrum tungumálum. Kynna ætti starfsemi Hraunheima betur fyrir foreldrum og börnum sem eru að fara upp í 3. bekk og sumarstarf og annað skipulagt frístundastarf í hverfinu. Gera þarf grein fyrir því hvernig unnið er með jafnrétti, fjölmenningu og margbreytileika í frístundastarfinu og gera þarf aðgerðaráætlun.

SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

Viðmiðum um skóla án aðgreiningar er skipt í fjóra undirkafla: *Menning og viðhorf, námskrá og áætlanir, upplýsingamiðlun og samskipti og starfshættir*. Í hverjum undirkafla er fjallað um þessa þætti út frá sjónarhorni bæði grunnskóla.

STYRKLEIKAR

Í stefnu skólans kemur skýrt fram að skólinn er fjölmenningslegur skóli og að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólastarfið. Einnig kemur fram áhersla á að nemandinn sé í öndvegi og verkefni skólans sé að mæta ólíkum þörfum nemenda. Almenn kom fram jákvætt viðhorf gagnvart skóla án aðgreiningar hjá viðmælendum í rýnihópum og starfið miðar allt að því að mæta þörfum nemenda.

Greinargóðar upplýsingar eru um stoðþjónustu skólans á heimasíðu hans og heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings við nemendur hefur verið gerð, annars vegar um stuðning við fatlaða nemendur og hins vegar um stuðning við nemendur vegna hegðunar, tilfinningalegra og félagslegra örðugleika. Báðar áætlanir eru vandlega unnar og eru í samræmi við þarfir nemendahópsins.

Við matið liggur fyrir ársskýrsla um sérkennslu fyrir sl. skólaár. Í henni koma fram greinargóðar upplýsingar um alla þætti sérkennslu og stuðnings svo til fyrirmyndar er.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og ber sérkennari meginábyrgð á gerð þeirra í samstarfi við bekkjarkennara. Þær eru endurskoðaðar reglulega, að minnsta kosti einu sinni á skólaári. Mynduð eru einstaklingsteymi umsjónarkennara, foreldra og sérfræðinga utan og innan skóla um málefni nemenda sem þurfa sérstakan stuðning. Að mati skólans hafa einstaklingsteymi reynst mjög vel og gert samstarf foreldra, starfsfólks skóla og sérfræðinga markvissara.

Í samstarfsáætlun verkefnisins *Okkar mál. Samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi* kemur fram að markvisst, gagnkvæmt samstarf og upplýsingamiðlun fer fram milli leikskólanna í hverfinu og Fellaskóla. Markmið samstarfsins er m.a. að skapa samfellu í námi og kennslu barna á báðum skólastigum.

Í ársskýrslu um sérkennslu kemur fram að nemendur í sérdeild fyrir einhverfa nemendur taka þátt í námi og starfi síns bekkjar eins og kostur er. Nokkrir nemendur eru alfarið með sínum árgöngum í kennslu en fá þjónustu frá deildinni. Aðrir nemendur eru að mestu í deildinni en hafa stuðningsfulltrúa með sér þegar þeir eru inni í bekk. Foreldri lýsti ánægju með starfsemina, samskipti og upplýsingar sem veittar eru.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Stefna skólans endurspeglar að skólinn er án aðgreiningar en hvergi er skráð að skólinn vinni samkvæmt þeirri stefnu og umræða um sameiginlega sýn á skóla án aðgreiningar virðist ekki hafa farið markvisst fram.

Auka þarf samráð við foreldra og nemendur um áherslur í einstaklingsnámskrám, foreldrar undirrita námskrána en ekki virðist gert ráð fyrir virkri þátttöku þeirra við gerð hennar og ekki kemur heldur fram að nemendur hafi áhrif á áherslur eða tekið sé tillit til þeirra áhugasviðs. Einnig vantar sjáanlega tengingu einstaklingsnámskrár við bekkjarnámskrá.

Gæta þarf þess að starfsmenn fái þær upplýsingar sem þörf er á vegna samskipta við nemendur og í öllum árgöngum byggji samvinna á sameiginlegri ákvarðanatöku varðandi útfærslu og lausnir.

Gæta þarf þess að viðhafa sveigjanleika milli hópa þegar getuskiptingu er beitt að staðaldri og eins þegar nemendur fá kennslu utan bekkjar en hluti nemenda sækir tíma í námsveri sem starfrækt eru á hverju stigi. Í stærðfræði á miðstigi hefur verið föst hópaskipting eftir getu og það fyrirkomulag ætti að endurskoða. Einnig skal bent á að endurskoða þarf reglulega hvort nemendur í einhverfudeild sem fylgja alfarið sínum árgangi í námi og aðlagast félagslega eigi að útskrifast úr deildinni.

Huga þarf að því að tryggja fullt aðgengi fyrir hreyfihamlaða nemendur.

SKÓLABRAGUR

Viðmiðum um skóla- og staðarbrag er skipt í fjóra undirkafla: *Stefna, viðmót og menning, velferð og líðan barna/nemenda, nemendalýðræði og verklagsreglur og áætlanir*. Í hverjum undirkafla er fjallað um þessa þætti út frá sjónarhorni grunnskóla og frístundaheimilis. Hér eru fyrstu tveir kaflarnir metnir.

STYRKLEIKAR

Áhersla er lögð á að allir aðilar skólasamfélagsins tali saman af virðingu og tali vel um skólann. Mótuð hefur verið stefna um jákvæðan skólabrag og í skólanámskrá kemur fram hvernig markvisst er unnið að því að efla sjálfsmynd nemenda, auka félagsfærni, samkennd og sjálfstraust.

Nemendur í rýnihópi í unglingadeild sögðu góðan anda á meðal nemenda og að samstaða væri í nemendahópnum. Líðan nemenda er reglulega metin, m.a. með nemendaviðtölum, sem eru tvisvar á ári, og nemendakönnunum í Skólalóðinni. Haustið 2014 var haldið námskeið fyrir starfsfólk um hvernig bregðast á við og greina einelti. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og barnaverndarmál og er meðvitað um hvernig bregðast eigi við, komi slík mál upp.

Góð aðstaða er til útiveru og hreyfingar á skólalóðinni og góður tími er ætlaður til útiveru fyrir yngstu nemendurna á hverjum degi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Huga þarf að líðan nemenda, sérstaklega á miðstigi, og vinna áfram markvisst gegn einelti og neikvæðum samskiptum. Niðurstöður úr nemenda- og foreldrakönnunum benda til þess að hluta nemenda á miðstigi líði ekki vel í skólanum. Fram kom í rýnihópum að auka þarf gæslu á göngum og í matsal.

Leita þarf leiða til að efla metnað nemenda í námi, benda á fyrirmyndir og gera kröfur til þeirra hvað varðar árangur í námi, ekki síður en í hegðun. Áfram þarf að vinna að því að byggja upp sjálfstraust nemenda.

Tryggja þarf að allir aðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna og stefnumótun varðandi samskipti og skólabrag.

Óánægja með skólamatinn og þrif í skólanum kom endurtekið fram í könnunum og rýnihópum hjá nemendum, kennurum, starfsmönnum og foreldrum. Við því þarf að bregðast.

Gæta þarf að því að hæfilegur tími líði á milli hádegisverðar og nestistíma hjá nemendum í 1, 2 og Fellaskóli.

MANNAUÐUR

Viðmiðum um mannauð er skipt í þrjá undirkafla: *Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað, viðhorf til stjórnunar og samstarf og upplýsingamiðlun*. Fjallað er sameiginlega um mannauð grunnskóla og frístundaheimilis og stuðst við viðmið um gæði í grunnskóla- og frístundastarfi.

STYRKLEIKAR

Fram kom í rýnihópum og í starfsmannakönnun að góður starfsandi er í Fellaskóla, starfsfólk er ánægt með samskipti, telur þau einkennast af jákvæðni og gagnkvæmu trausti og starfsmönnum líður almennt vel í vinnunni.

Gott aðgengi er að stjórnendum og starfsfólki finnst almennt gott að leita til þeirra. Starfsmenn fá hvatningu og endurgjöf frá stjórnendum, meðal annars í tengslum við starfsþróunarsamtöl einu sinni á ári. Kennarar og starfsmenn segjast í rýnihópum geta komið sínum skoðunum varðandi starfið á framfæri og tekið þátt í lýðræðislegri umræðu á mánaðarlegum starfsmannafundum.

Kennarar eru stoltir af skólanum og telja að þeir og stjórnendur hafi mikinn metnað fyrir hönd skólans. Fram kom í rýnihópum að kennarar telja hæfni sína og þekkingu nýtast vel í starfinu.

Kennarar í rýnihópum sögðu góða samvinnu vera á milli kennara innan árganga. Frístundaleiðbeinendur eru ánægðir með samvinnu við kennara og telja sig fá góðar upplýsingar frá þeim kennurum sem þeir starfa með svo og frá sínum yfirmanni.

Frístundaleiðbeinendur í rýnihópi sögu að markvisst væri leitað eftir þeirra hugmyndum um starfið og fram kom að þeir fá markvissa hvatningu og endurgjöf frá sínum yfirmanni. Daglegir fundir starfsmanna frístundaheimilisins eru til fyrirmyndar.

Unnin hefur verið starfsmannahandbók þar sem fjallað er um faglegar áherslur og þar er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir starfsmenn. Starfsmannafélag skólans stendur reglulega fyrir viðburðum og þátttaka er almennt góð.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Bæta þarf vinnuaðstöðu kennara og huga að endurnýjun á húsbúnaði og tækjum. Nemendur, kennarar, starfsmenn og foreldrar eru á einu máli um að bæta þurfi þrif í skólanum.

Gæta þarf að því að allir starfsmenn fái endurgjöf á sín störf. Einnig kom fram í rýnihópum að stjórnendur mættu hrósa meira og vera sýnilegri.

Auka þarf samvinnu kennara, bæði innan greina og á milli stiga, til dæmis með teymisvinnu. Bæta þarf upplýsingaflæði frá frístundaheimilinu til kennara, meðal annars um verkefni sem verið er að vinna að þar.

Bæta þarf upplýsingagjöf almennt og nýta fjölbreyttar leiðir til að miðla upplýsingum. Æskilegt væri að auka fræðslu og þjálfun fyrir nýja starfsmenn.

INNRA MAT

Viðmiðum um innra mat í grunnskóla er skipt í tvo meginkafla: *Framkvæmd innra mats* og *umbótastarf í kjölfar innra mats*. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

STYRKLEIKAR

Innra mat skólans er kerfisbundið og byggir á langtímaáætlun sem endurspeglar helstu þætti starfsins. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við matið. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega og markvisst er fylgst með mætingu nemenda. Kennarar hafa komið sér saman um viðmið um gæði kennslustunda og skipulag í kennslustofum. Skólastjóri fer í kennslustundir og fylgist með kennslu allra kennara fyrir starfsþróunarviðtöl og oftár ef þurfa þykir.

Niðurstöður mats eru greindar í styrkleika og tækifæri til umbóta og unnið er áfram með þá þætti í umbótaáætlun og brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf. Matsskýrslur eru skrifaðar árlega.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Leggja ætti áherslu á að innra matið verði betur samofið daglegu skólastarfi, til dæmis með markvissri ígrundun starfsfólks. Stofna þarf matsteymi þar sem fulltrúar helstu hagsmunaaðila eiga sæti, eftir því sem við á.

Matskerfi skólans þarf að lýsa í skólanámskrá og setja þarf fram skýra matsáætlun fyrir veturinn í starfsáætlun. Markvisst ætti að meta öll markmið skólanámskrár og hvernig gengur að ná þeim fram og skilgreina viðmið um árangur. Matsskýrslur og umbótaáætlanir þarf að birta á heimasíðu skólans.

³ Sjá Viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

http://reykjavik.is/sites/default/files/yms_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.

- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.